

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *43.fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 11. okt. 2012, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 25. sept.
3. Aðalskipulag Skútustaðahrepps
4. Fundargerð Félags- og menningamálanefndar dags. 30. ágúst.
5. Ráðning í stöðu forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar.
6. Erindi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti um rekstur Náttúrustofu N-Austurlands.
7. Erindi frá Alessandro Tamburini.
8. Kjörskrá vegna ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu 20. okt. n.k.
9. Ljósleiðari.
10. Ályktun frá sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 11. sept.

Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Pingeyinga dags. 7. sept.

Bréf frá Enor dags. 12. sept.

Tölvupóstur frá Alfreð Schiöth vegna förgunar dýrahæja.

Bréf frá Byggðastofnun þar sem kynntur er úrdráttur úr skýrslunni Samfélag, atvinnulíf og íbúapróun.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Friðrik K. Jakobsson, Pétur Snæbjörnsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 10 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 25. sept.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar er farið yfir endanleg drög að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Samþykkt er breyting á texta varðandi almenn ákvæði um lagningu á rafmagnsstrengjum og ljósleiðurum í jörðu. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að tillagan verð auglýst.

Í öðrum lið er farið yfir athugasemdir sem bárust við auglýsta breytingu á deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar. Athugasemdafrestur var frá 20. júlí til og með 31. ágúst 2012.

Athugasemd barst frá Birki Fanndal. Skipulagsnefnd leggur til við sveitastjórn að tillaga ásamt svörum nefndarinnar við framkomna athugasemd verði tekin til umræðu og afgreiðslu skv. 3. mgr. 41. gr. laga nr. 123/2010.

Í þriðja lið er rætt erindi frá Pétri Snæbjörnssyni þar sem hann óskar eftir endurnýjaðri heimild til að láta vinna deiliskipulag í Reykjahlíð þar sem búið er að útvíkka skipulagsmörkin, Pétur vék af fundi nefndarinnar undir þessum lið. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið.

Í fjórða lið er tekið fyrir erindi frá Sigurði Guðna Böðvarssyni, þar sem hann sækir um að malarnámusvæði meðfram Gautlandalæk verði sett inn á drög að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps. Nefndin leggur til að erindið verði samþykkt.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags og umhverfisnefndar á liðum eitt, þrjú og fjögur. Varðandi lið tvö þá samþykkir sveitarstjórn afgreiðslu nefndarinnar. Framkomnar athugasemdir gefa ekki tilefni til breytinga á tillögunni og skipulagsfulltrúa falið að afla deiliskipulaginu staðfestingar. Pétur tók ekki þátt í afgreiðslu á 3ja lið fundargerðarinnar.

3. Aðalskipulag Skútustaðahrepps

Fyrir fundinum liggur tillaga að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Smávægilegar leiðréttingar þarf að gera á tillögunni í samræmi við umræður á fundinum.

Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 31. gr. skipulaga nr. 123/2010, um leið og búið er að bregðast við framkomnum ábendingum.

4. Fundargerð Félags- og menningamálanefndar dags. 30.ágúst.

Í upphafi er rétt að taka það fram að fundur nefndarinnar var 27. ágúst en ekki 30.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar er rætt um félagsstarf eldri Mývetninga. Sveitarstjóri hafði með bréfi óskað eftir samstarfi við Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga um þann málaflokk en ekkert svar borist. Nefndarmenn sammála um að vetrarstarfið verði í húsnaði grunnskólans en að haldið verði áfram að skoða hugmyndir að annarri staðsetningu.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er farið yfir málefni íþróttamiðstöðvar. Fram kom að ekkert svar hefur borist við beiðni sveitarfélagsins um undanþágu hvað varðar fjölda starfsmanna á vakt við sundlaugina yfir veturinn. Þá var samdóma álit nefndarmanna að fella ætti niður afslætti til annarra en örorku- og ellilífeyrisþega. Stuttlega var rætt um endurskoðun á samningi við Mývetning íþrótt- og ungmennafélag.

Sveitarstjórn samþykkir annan lið fundargerðarinnar, aðrir liðir þarfnast ekki ályktunar við.

5. Ráðning í stöðu forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar.

Þrjár umsóknir bárust við auglýsta stöðu forstöðumanns Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps auk einnar sem barst eftir að umsóknarfrestur rann út. Félags- og menningamálanefnd sendi

frá sér minnisblað vegna málsins þar sem hún leggur til að Bjarni Jónasson verði ráðin til starfans.

Sveitarstjórn samþykkir að Bjarni Jónasson verði ráðinn sem forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar Skútustaðahrepps.

Dagbjört vék af fundi undir þessum lið, hennar sæti tók Birgir Steingrímsson

6. Erindi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti um rekstur Náttúrustofu N-Austurlands.

Fyrir fundinum liggja drög að samningi á milli umhverfis-og auðlindaráðuneytis og Norðurþings og Skútustaðahrepps um rekstur Náttúrustofu Norðausturlands.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti en vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri

- 3. gr. þar sem segir að starfssvæði Náttúrustofunnar nær frá Ólafsfirði...Það hlýtur að vera eðlilegt að starfssvæði Náttúrustofunnar taki mið af sveitarfélagamörkun frekar en gamalli skilgreiningu á Norðurlandskjördæmi eystra hinu forna.
- Þá telur sveitarstjórn Skútustaðahrepps eðlilegt að öllum sveitarfélögum á starfssvæði Náttúrustofunnar verði boðin aðild.
- 10. gr. þar sem segir að framlag ríkissjóðs til Náttúrustofunnar taki mið af verðlagsforsendum og í samræmi við forsendur fjárlaga hverju sinni væri æskilegar að hægt væri að festa ákveðna upphæð til verkefnisins, þar sem reynslan sýnir að lítið er að treysta á forsendur fjárlaga ríkissjóðs og heldur hallar á sveitarfélögin í þeim fjármálalegu samskiptum.

7. Erindi frá Alessandro Tamburini.

Fyrir fundinum liggur erindi frá Alessandro Tamburini þar sem hann óskar eftir samþykki sveitarstjórnar fyrir því að 1. Ha. lóð í hans eigu úr landi jarðarinnar Stangar (153607) fái nafnið Draumaland.

Sveitarstjórn samþykkir nafngiftina.

8. Kjörskrá vegna ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu 20. okt. n.k.

Kjörskrá liggur nú frammi almenningi til sýnis. Á kjörskrá eru 301, 154 konur og 147 karlar. Berist ekki athugasemdir við kjörskrána eins og hún liggur fyrir, felur sveitarstjórn sveitarstjóra að undirrita hana og afhenda kjörstjórn.

9. Ljósleiðari.

Sveitarstjórn samþykkti á fundi 20. september s.l. að leggja ljósleiðara með rafstreng Rarik ef tækist að útvega streng í tíma. Tengir á Akureyri áttu ljósleiðara sem þeir voru tilbúnir að selja sveitarfélaginu. Kostnaður vegna efniskaupa eru tæpar 9 milljónir með vsk.

Sveitarstjórn samþykkir kaupin.

Sveitarstjóra falið að finna samstarfsaðila til að koma strengnum í notkun.

10. Ályktun frá sveitarstjórn Skútustaðahrepps vegna umræðu um framkvæmdir í Bjarnarflagi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar því að eftir 40 ára undirbúnings- og rannsóknarvinnu séu framkvæmdir hafnar við landmótun á stöðvarhússlóð í Bjarnarflagi. Að baki er langt ferli. Mest allan þann tíma hefur Rannsóknarstöðin við Mývatn sinnt ýtarlegum rannsóknum á lífríki svæðisins. Í öllu þessu ferli hefur aldrei neitt komið fram sem gefið hefur tilefni til að hætta við verkefnið.

Rannsóknarvinnan var unnin af færustu sérfræðingum á hverjum tíma og hefur skilað sér í gildu umhverfismati og gildu deiliskipulagi sem unnið var undir vökulu auga sveitarstjórnar. Ástæða er til að vekja athygli á því að í tillögu að rammaáætlun er Bjarnarflag í nýtingarflokki. Áratugareynsla er af jarðhitanýtingu í Mývatnssveit. t.d. var Kísiliðjan hf. sem hér starfaði í 40 ár stærsti jarðgufunotandi í heimi.

Íbúum Mývatnssveitar er náttúran afar kær og enginn áform um að aðhafast neitt það sem skaðað getur lífríkið á nokkurn hátt.
Karl Emil og Böðvar viku af fundi undir þessum lið. Í þeirra stað kom Birgir Steingrímsson.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Friðrik K. Jakobsson.
Pétur Snæbjörnsson.